


GREGORY Crewdson. Án titils, 1994.



CINDY Sherman. Án titils, 1981.



MIKE Kelley. Án titils, 1994.



LAURIE Simmons. The Music of Regret II, 1994.

verður sífellt vantrúaðri á sannleiksgildi hins myndræna. „Ljósmyndararnir sem hér sýna gera sér fulla grein fyrir þessari staðreynd og með því að gera ráð fyrir henni í verkum sínum bjóða þeir áhorfandanum að uppgötva með sér forsendurnar að baki blekkingunum.“ Muniz segir að nú sé loks hægt að skoða leikbrögð og bragarhætti í ljósmyndun með sömu augum og í öðrum listgreinum.

Af þeim listamönnum sem verk eiga á sýningunni er Cindy Sherman sú sem hvað lengst og markvissast hefur unnið með miðil ljósmynda og kvikmynda í listsköpun sinni. Hún byggir sýn sína á tilbúnum heimi kvikmyndanna. Lengi sat hún sjálf fyrir á öllum sínum myndum en í nýrri verkum hennar hefur listakonan hörfað fyrir gervilimum og grímum í óhugnanlegum aðstæðum sem minna á senur úr hryllingsmynd. Áhrifamáttur verka hennar felst í því sem hún sýnir ekki en tekst að gefa í skyn með augnaráðinu einu saman. Andspænis verkum Cindy Sherman er áhorfandinn fyrst og fremst að takast á við eigið ímyndunarafl.

Gregory Crewdson lýsir kyrralífsmyndum sínum frá bandarískum smáíbúðahverfum sem rökræðum sínum við eigin sál. Hversdagslegar aðstæður fá ljóðrænt yfirbragð. Samstuð veruleikans og hins yfirskilvitlega leiðir af sér kynngimagnaða spennu og úthverfismenningin verður bæði dularfull og óróleg, segir í sýningarskrá.

Ljósmyndaverk Mikes Kelleys eru á mörkum abstraktlistarinnar. Listamaðurinn tekur sér það verkefni á hendur að mynda hið ómyndanlega, formleysuna. „Ég vildi mynda einhvað sem virtist formlaust en hefði jafnframt ákveðið form, svo áhorfandinn gerði sér góða grein fyrir hvað væri á ferðinni og hvaðan það kæmi. Ég lét myndefnið líta út fyrir að vera á floti – óvísindalega – líkt og hugarórar,“ segir listamaðurinn.

Laurie Simmons ljósmyndar brúður sem hún setur inn í aðstæður raunveruleikans. Hún skapar annan veruleika innan veruleikans. Í viðtali við Lindu Yablonsky líkir Simmons sér við sjónhverfingamann. Hún segist reyna að hafa myndir sínar sem raunsæjastar í von um að einhver taki þær trúanlegar. Brosandi andlit leikbrúðanna segir hún tjá eftirsjá eftir tækifærum, andartökum eða lífi sem hefur runnið okkur úr greipum. Tilfinningu sem slái út allar aðrar tilfinningasorgir.

Sýningunni lýkur 23. nóvember.

að gagnrýnandinn hafi vald á listinni að miðla og að hann hafi ást á því listformi sem hann fjallar um. Hið fyrra hygg ég að sé ekki mjög umdeilanlegt; að gagnrýnandinn geti miðlað greiningu sinni og rökstuddu mati á viðkomandi verki á frambærilegri íslensku og þannig að auðskilið sé. Hið síðara er kannski erfiðara að rökstyðja. En að mínu mati verður gagnrýni að byggjast á ást (helst ástríðu) eða í öllu falli á velvild í garð viðkomandi listgreinar. Ást, ástríða, velvild, ef einhver skilur þessi orð mín þannig að gagnrýni eigi undantekningarlaust að vera jákvæð, byggð á hrifningu og upphafningu, er það misskilningur. Að hafa ást á einhverjum eða einhverju felur í sér að sjá bæði kosti og galla – og geta bent á hvoru tveggja.


Er gagnrýnandinn svín?

En snúum okkur aftur að ofannefndum orðum Albees um gagnrýnandann sem svín. Í því sambandi má minna á aðrar en skyldar skilgreiningar á gagnrýendum í gegnum tíðina. John Osborne líkti þeim við hunda sem míga utan í ljósastaura (og í því sambandi er vert að minna á skamman líftíma flestra ljósapera!). Oft er þeim líkt við nöðrur sem sæta færis að höggva eiturtönnum sínum í höfunda og spýta í þá banvænu eitrinu. Svínslíkingin minnir mig einnig á orð Ólafs Jóhanns Ólafssonar (sem Þröstur Helgason gerði að umtalsefni í grein í Morgunblaðinu þann 16. september síðastliðinn) þar sem hann líkir gagnrýnendum við ruslið sem hann neyðist til að klofa yfir á ferð sinni um götur New York borgar. Ég myndi snúa þeirri viðlíkingu við og benda á að svín þrífast, eins og menn vita, vel á úrgangi (rusli) og geta orðið feit og pattaraleg af slíkum kosti. Ef gagnrýnandinn er í hlutverki svínsins, lenda þá ekki bókmenntirnar í hlutverki úrgangsins? Víst er að oft þurfa gagnrýnendur að pæla í gegnum stafla af „rusli“ til að finna eitthvað bitastætt. Mín vegna má vel líkja gagnrýnandanum við svín, hund eða nöðru, a.m.k. á meðan það leiðir til umræðu um starf hans og tilgang. En ég geri bara þá einu kröfu að svínið sem rótar í ruslinu geri það af áhuga og ástríðu, þá er til einhvers unnið.

NORRÆN TÓNLIST Í BREMEN

Hannover. Morgunblaðið.

MENNING og mannlíf á Norðurlöndum hefur lengi mátt fagna mikilli athygli í Þýskalandi. Í norðurhluta landsins, þar sem stutt er yfir landamærin, hafa Þjóðverjar lagt mikið kapp og metnað í að kynna norræna menningu þar sem Hamborg hefur haldið Norræna bókmenntadaga ár hvert og Lübeck Norræna kvikmyndadaga. Nú hefur Bremen ákveðið að taka norræna tónlist undir sinn verndarvæng. Af því tilefni var í byrjun október haldinn blaðamannafundur og pallborðsumræður til kynningar á þeirri fyrirætlun Brimarbúa að gefa árlegri Tónlistarhátíð í Bremen norrænan blæ til frambúðar og opna þannig „hlið til norrænnar tónlistar“ eins og segir í fréttatilkynningu.



Atli Heimir Sveinsson

„Leiðandi flytjendur frá Norðurlöndunum eiga að gefa hátíðinni lit,“ sagði Thomas Alberts listrænn stjórnandi Tónlistarhátíðarinnar í Bremen. Stjórnendur hátíðarinnar hafa hug á að koma norrænum tónlistarmönnum og tónlist á framfæri á ýmsa vegu. Auk hefðbundinna tónleika munu til dæmis verða pöntuð verk frá tónskáldum til frumflutnings á hátíðinni, tónskáldum boðið að dvelja í Bremen á meðan á hátíðinni stendur, fyrirlestrar og tónleikar með upplestri haldnir, svo eitthvað sé nefnt. Árlega verður eitt tónverk frá hverju Norðurlandanna verðlaunað sérstaklega og er verðlaunafé tíu þúsund mörk fyrir hvert verk.

Vonast er til að þetta frumkvæði Tónlistarhátíðarinnar í Bremen hafi áhrif á aðrar liststofnanir í borginni, en þar er starfrækt ópera, ballett og leikhús auk ýmissa annarra stofnana sem tekið gætu norræn verk til flutnings. Þá er virtur tónlistarháskóli í Bremen og er samstarfs óskað við norræna tónlistarháskóla, þar á meðal Tónlistarskólann í Reykjavík.

Borgaryfirvöld í Bremen hafa sýnt þessu fyrirhugaða framtaki mikinn áhuga og tók borgarstjórinn í Bremen, Henning Scherf, virkan þátt í umræðunum. Sendiherra Íslands, Ingimundur Sigfússon, sótti einnig umræðurnar en Atli Heimir Sveinsson tónskáld talaði fyrir Íslands hönd.

Eins og Atli Heimir staðfesti í ræðu sinni má rekja upphaf samskipta Íslendinga og Brimarbúa til kristnitökunnar árið þúsund, en þá voru fyrstu íslensku biskuparnir vígðir í Bremen. Atli Heimir talaði almennt um íslenskt tónlistarlíf og nefndi sérstaklega, aðspurður um ástæður einstaklega fjölbreytts og lifandi tónlistarlífs, hið öfluga net tónlistarskóla út um allt land en einnig mikilvægi þess að tónlistarnemendur sækja nær undantekningalaust framhaldsnám erlendis. „Þannig berast straumar og stefnur alls staðar að til Íslands og sameinast í einni heild,“ sagði Alti Heimir. „Á Íslandi horfum við á heiminn frá sjónarhóli fuglsins og fáum þannig yfirsýn og víðsýni.“ Atli Heimir lagði ríka áherslu á að gleyma ekki ungu kynslóðinni, sem nú er að þróa sinn stíl, þegar horft er til þess að bjóða flytjendum til hátíðarinnar.

Sameiginleg tónlistarhefð Norðurlandanna var rædd og kynnt ný bók eftir tónvísindamanninn Heinrich W. Schwab, en hann er gestaprófessor í Osló og Kaupmannahöfn, þar sem fjallað er um norræna tónlistarsögu. Bókin er væntanleg á markað á Evrópu innan skamms.

Tónlistarhátíðin í Bremen var fyrst haldin fyrir átta árum og frá upphafi hefur norræn tónlist sett svip sinn á hátíðina. Samtímatónlist hefur verið flutt reglulega og oft á stöðum sem ekki má telja til hefðbundinna tónleikasala eins og í framleiðslusölum verksmiðja eða flugskýlum. Thomas Alberts sagði að almennt hefði nýrri tónlist verið vel tekið af áheyrendum í Bremen og allt að fimmtán hundruð manns komið á tónleika þar sem boðið var upp á frumflutniing á nýjum verkum. „Það er sambærilegur fjöldi og ef um væri að ræða hátíð eingöngu ætluð nútímatónlist,“ sagði Alberts. Meðal flytjenda á nýafstaðinni hátíð má nefna Anne–Sophie Mutter, Wladimir Ashkenazy, Yggdrasil kvartettinn, Kammersveit Evrópu undir stjórn Paavo Berglund og Nikolaus Harnoncourt ásamt Concentus musicus Wien. Aðaltónleikasalurinn í Bremen, Klukkan „Die Glocke“, er eitt glæsilegasta tónlistarhús í Þýskalandi. Það var opnað á ný eftir vel heppnaðar gagngerar endurbætur í janúar á þessu ári, en húsið var byggt 1928 og þótti, og þykir enn, hafa einstakan hljómburð. Herbert von Karajan, Otto Klemperer, Karl Böhn og Wilhelm Furtwängler eru meðal stjórnenda sem iðulega heimsóttu Bremen með hljómsveitir sínar gagngert vegna hljómburðar salarins.

Til marks um uppgang Tónlistarhátíðarinnar í Bremen og þann áhuga sem hátíðinni er sýndur af stjórnvöldum má nefna að á sjö árum hefur ráðstöfunarfé hátíðarinnar farið úr fjögur hundruð mörkum í fjórar milljónir. Það er því ljóst að mikið er lagt undir og metnaður allra sem að hátíðinni standa er mikill.